

STRÖNDUNGUR

17. janúar 2019 ★ 1. tbl. 7. árg.



DÓASÖFNUN

Góðan daginn kærur ströndungar.

Við í 8.-10. bekk í Valsárskóla ætlum að hafa dósasöfnun fyrir fjáröflun okkar þessa eftirfarandi daga.

Fimmtudaginn 17. janúar: Heiðin að Höfn og Traðir að Mógili

Föstudaginn 18. janúar: Garðsvík að Meðalheimi

Laugardaginn 19. janúar: Laugartún og Svalbarð

Sunnudaginn 20. janúar: Smáratún og Eyrin

Kæra þakkar fyrir stuðninginn.

SUNNUDAGASKÓLI Í SVALBARÐSKIRKJU

Sunnudaginn 27. jan. kl. 11.00 ætlum við að hafa Kósýsunnudagaskóla, velkomið að mæta í kósýgalla eða náttfötum.

Söngur, biblíusaga, leikur, bæn og samtal.

Djús, kex og litastund í safnaðarheimilinu á efir og heitt á könnunni.

Sjáumst í kirkjunni, sr. Sólveig Halla

(athugið, kirkjustarfið er líka auglýst á feisbúkk síðunni Svalbó-allskonar)

NÆSTU RUSLADAGAR

24. janúar - Gráa / brúna tunnan

31. janúar - Græna tunnan

7. febrúar - Gráa / brúna tunnan

Ströndungur kemur næst út fimmtudaginn 14. febrúar.

Skilafrestur á efni er til kl. 15:00 þriðjudaginn 12. febrúar.

OPNUN VAÐLAHEIÐARGANGA


Laugardaginn 12. janúar voru Vaðlaheiðargöng formlega opnuð með mikilli hátíð. Um morguninn var haldin hlaupæfing í göngunum, hjólamót var haldið og þeir sem renna sér á hjólaskíðum fengu sinn tíma í göngunum. Eftir hádegisdag var „opið hús“



þar sem gestum var boðið uppá tónlistaratriði, leikfimi, kynningu á göngunum og þeim verkþökum sem unnu að gerð þeirra auk þess sem Norðurorka gaf gestum hressandi vatnssopa. Strætisvagnar gengu á milli gangamunna en illa gekk að sinna öllum þeim fjölda gesta sem lögðu leið sína í göngin og vildu nýta sér ferðirnar. Fjöldi fólks gekk því á milli útskota þar sem eitt og annað var í boði fyrir gesti en þegar komið var að gangamunnum Þingeyjarsveitar megin tók við formleg vísluathöfn sem hófst um klukkan 15:45. Ræður voru haldnar og Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri á Akureyri bað allar góðar vættir að vaka yfir byggðum Norðurlands og að gæfan fylgi öllum vegfarendum sem fara um Vaðlaheiðargöng. Fulltrúar sveitarfélaganna tveggja, Svalbarðsstrandarhrepps og Þingeyjarsveitar voru elstu íbúar sveitarfélaganna og sáu þau um að klippa á borðann. Frá Þingeyjarsveit var það Friðrik Glúmsson og fulltrúi Svalbarðsstrandarhrepps var Hólmfríður Ásgeirsdóttir, (Fríða á Halllandi). Eftir að klippt hafði verið borðann fóru fornbílar í gegnum göngin og gestir fylgdu á eftir í rútum að Svalbarðseyri og í kaffisamsætið í Valsárskóla.



Frankvæmdir við Vaðlaheiðargöng drógust eins og vel er þekkt en fagnaðarefni er að engin stærri slys urðu á þeim sem unnu að gerð ganganna. Vaðlaheiðargöng eru mikil samgöngubót fyrir íbúa og gesti svæðisins og viðbúið að umferðarþunginn eigi eftir að minnka norðan gangamunna hér á Svalbarðsströnd. Klukkan 15:00 hófst svo kaffiboð í Valsárskóla og voru það kvenfélögin, Kvenfélag Fnjóskdæla og Kvenfélag Svalbarðsstrandar sem sáu um veisluhöldin. Einnig var gestum boðið til kaffisamsætis í Skógum og gera má ráð fyrir að um 1.000 gestir hafi lagt



leið sína í kaffiboðin. Svo skemmtilega vildi til að einn þeirra tónlistarmanna sem spiluðu í göngunum kom einnig að vinnu við gerð ganganna og átti í fórum sínum steina úr göngunum sem nýttir voru sem borðskraut í veislunni. Viðburðir voru vel sóttir, fólk gerði sér glaðan dag og ungir sem aldnir lögðu leið sína í Vaðlaheiðargöng á þessum hátíðardegi.

FRÉTTIR FRÁ VALSÁRSKÓLA

Við í 9. og 10. bekk höfum verið að gera ýmislegt í janúar. Til dæmis hafa sumir verið að semja rapptexta og hlegið yfir skemmtilegum bröndurum. Við ákváðum að sýna ykkur brot af því.

Fafa húhú

Fafa húhú er maður, hann er rosa glaður.
En þegar hann er leiður þá verður hann svo reiður
Fafa húhú er feitur og þegar hann sprinkur þá kemur eitur
Þegar hann sér bjór þá byrjar hann í kór en svo verður hann stór
Svo verður hann mjór þegar það kemur snjór
Hann rennur á svelli og þá fer hann á elli.

Skúli Þór Sigurðarson

Svo koma hér tveir brandarar.

Nonni litli sat á bekk og hámaði í sig hrekkjavökunammi. Gömul kona gaf sig á tal við hann og segir: “Veistu að tennurnar skemmast við svona mikið nammiát, þú færð bólur og verður veikur?” “Afi varð 105 ára!” svaraði Nonni “Át hann fimm súkkulaðistykki í einu?” “Nei,” sagði Nonni, “en hann skipti sér aldrei af því sem honum kom ekki við.”

Bush, forseti Bandaríkjanna ákvað að prófa nokkrar stofnanir til að ákveða hver þeirra væri best til þess fallin að ná í skottið á Saddam Hussein. Prófið fólst í að finna kanínu sem búið var að sleppa á lítið skóglendi.

CIA byrja. Þeir koma fyrir kanínu-uppljóstrurum út um allan skóg. Þeir yfirheyra öll dýrin í skóginum, án árangurs. Að lokum komast þeir að þeirri niðurstöðu að kanínan er ekki til.

FBI fær næsta tækifæri. Eftir tvær vikur án vísbendinga, þá kveikja þeir í skóginum og drepa allt sem fyrir er og finnst það bara fínt. Kanínan átti það allveg skilið.

Lögreglan í Los Angeles er næst. Þeir koma út eftir tvo tíma með illa barinn björn. Björninn öskrar: “Allt í lagi... Ég er kanína! Ég er kanína!!”

Agnar Sigurðarson og Ingólfur Bjarki Stefánsson

ÞORRABLÓT STRÖNDUNGA

Laugardaginn 9. febrúar 2019

Húsið opnar kl.19.30 | Dagskrá hefst kl.20.30

Þorrablótíð verður haldið í Valsárskóla og matur verður í boði Kjarnafæðis.

Engir aðrir en Jógvan Hansen og Vignir Snær Vigfússon spila fyrir dansi!!

Rútuferð um sveitina og á Akureyri í boði eftir blótíð.

Miðaverð: 4000 kr.
Aldurstakmark: 18 ár

Hægt er að panta miða til og með 3.febrúar á netfanginu blot@svabardsstrond, á hreppsskerfjstofunni í síma 464-5500 og einnig í síma 847 5447 (Svava Hrund) og 821 5215 (Harpa).

Miðarnir verða afhentir í ráðhúsinu þriðjudag og miðvikudag fyrir blót (5. og 6.febrúar) kl. 19-21.
Ósöttir miðar verða afhentir á skrifstofútíma eftir miðvikudag ef þarf.

Hægt er að leggja inn á reikning þorrablótisins 0162-26-75098 kt. 681088-3939 og senda kvittun á ofangreint netfang eða greiða með reidufé við afhendingu.

Við viljum vekja athygli á því að millifærsla jafngildir ekki miðapöntun, senda þarf póst eða hringja til þess að panta miða.

Góðar stundir
Nefndin